


Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Listir og menning</b> <b>LIM 113</b> <b>Kennsluáætlun VOR 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Sampykkt:SHJ		
Síða 1 af 2		

### SKYNJUN, TÚLKUN, TJANING



<b>Kennari</b>	Véronique legros	<b>Sk.st.</b>	VER
	<b>Viðtalstími :</b> mið. kl.13.15-13.55 í kennarastofu listnámsbrautar		

#### **Áfangalýsing:**

Í áfanganum kynnist nemandinn forsendum skynjunar, túlkun hans á skynhrifum og möguleikum hans á þeim grunni til tjáningar í listum og hönnun. Farið verður í gegnum þá þætti sem snúa að ákveðnum sviðum : sjón og tvívíðri tjáningu í teikningu, málverki og prenthönnun; sjón og snertingu í þrívíðri tjáningu í rýmislist og hönnun; heyrn og tímaskyni í hljóðtjáningu í tónlist; fjölþættri skynjun í rúmi og tíma í kvikmyndum, leiklist, óperu og dansi. Efnið verður tekið fyrir á fjölbreyttan hátt og unnið út frá eðlisfræði, líffræði og sálfræði og heimspeki, táknfræði og fagurfræði. Námið byggist að mestu á verkefnavinnu nemenda þar sem kennari leggur inn námsefnið og nemendur rannsaka síðan viðfangsefnið á margvíslegan hátt. Umræður skipa stóran sess í heimspeki-umfjöllun áfangans.

#### **Markmið:**

Í lok annarinnar á nemandinn að


- kunna skil á grunnatriðum í eðlisfræði skynjunar
- " " í sálfræði og lífeðlisfræði skynjunar
- geta rætt um heimspekileg álitamál um skynjun
- " fagurfræðileg og táknfræðileg álitamál
- gera sér grein fyrir möguleikum manna til að tjá sig í list og hönnun
- geta kynnt niðurstöður sínar á fjölbreyttan hátt
- geta tekið á virkan hátt þátt í umræðu um verkefni sín og annarra nemenda
- hafa stundað námið vel, mætt í alla tíma og sinnt heimanámi.

**Kennslan** fer fram í gegn um leitarnám, verkefnavinnu, bæði einstaklings og hópa, fyrirlestra, umræður og vettvangsheimsóknir. Á önninni fjalla gestafyrirlesarar um sérstök viðfangsefni sem tengjast áfanganum og skila nemendur verkefnum í tengslum við þá. (Nemendur fá frí í einni kennslulotu á móti hverjum fyrirlestri)

### **Fyrirlestrar eru á þriðjudögum í Ketilhúsinu kl.17**

**Dagsetningar og Fyrirlesarar á vorönn 2015** eru :

- 27 jan.** Eirikur Stephensen og Hjörleifur Hjartarson - Hundur í óskilum
- 17 feb.** Margeir DIRE [margeirdire.com](http://margeirdire.com)
- 17 mars** María Dýrfjörð - grafískur hönnuður [mariacreativestudio.com](http://mariacreativestudio.com)

Nr.: GAT-045	<b>Verkmenntaskólinn á Akureyri</b>	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	<b>Listir og menning</b> <b>LIM 113</b> <b>Kennsluáætlun VOR 2015</b>	
Höfundur: HRS		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

## SKYNJUN, TÚLKUN, TJANING

### Námsgögn:

Nemendur þurfa að hafa [glósu-/skissu-/vinnu-bók](#) í tímum og skriffæri.

### Skil:

Nemendur vinna í glósu-/skissu-/vinnu-bók, sem er skilað í lok annar.

Nemendur vinna verkefni í tímum einnig skila þeir verkefnum (3) sem unnin eru heima út frá gestafyrirlestrunum.

### Námsmat og vægi námsþátta :

*Próflaus áfangi. Símat. Öll verkefni eru metin .*

Glósu- /skissu-/ vinnu-bók	<b>30 %</b>
<b>Afrakstur</b> verkefnavinnunnar (3 x10%)	<b>30 %</b>
<b>Frammistaða</b> í tímum / þátttaka / ástundun	<b>20 %</b>
<b>Sjálfsmat</b>	<b>20 %</b>

### Gangi ykkur vel !

Með fyrirvara um breytingar - **VERO**

***Eftir prófsýnidag geymir skólinn ósótta vinnu í eitt ár án ábyrgðar***

### Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

